

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1997

29. júlí 1997

1025

Nr. 478

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997,
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.**

1. gr.

Eftir 3. málslíð 4. gr., sbr. reglugerð nr. 323, 28. maí 1997, komi nýr málslíður er orðist svo: Landi skip ekki fullfermi í fyrstu löndun eftir 31. maí 1997, er því heimilt að fara í fleiri veiðiferðir, enda fari samanlagður afli þess eftir 31. maí ekki yfir það magn sem mest hefur verið landað úr því skipi á síldarvertíðinni fyrir þann tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 339, 6. júní 1997, um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. júlí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.